

Lög Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

1. gr. Nafn og heimili

Félagið heitir Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Hlutverk

- 2.1 Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna eldra fólks í hvívetna og stuðla að menningarlífi, meðal annars með því að:
 - A) Sjá félagsmönnum fyrir aðstöðu fyrir starfsemi félagsins.
 - B) Koma á tengslum milli félagsmanna og efla þau.
 - C) Hlúa að hverskonar áhugamálum eldra fólks, skipuleggja námskeið, fræðslufundi, tómsundavinnu, skemmtanir, ferðalög.
 - D) Stuðla að líkamspjálfun og útivist.
 - E) Efla félagslegt og efnahagslegt öryggi eldra fólks.
 - F) Vinna að úrbótum í húsnæðismálum eldri borgara.
 - G) Fylgjast með lagasetningu Alþingis sem varðar hagsmuni aldraðra og beita áhrifum sínum með viðræðum, samstarfi og samningum við stjórnvöld.
 - H) Vinna að öðrum þeim hagsmunum sem stjórnin telur ástæðu til að félagið vinni að s.s. með aðild að Landssambandi eldri borgara, LEB, samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

3. gr. Félagar

- 3.1 Félagið er opið öllum sem náð hafa 60 ára aldri ásamt maka þótt yngri sé.
- 3.2 Haldin skal skrá yfir fullgilda greiðandi félagsmenn, sem lögð verði til grundvallar félagslegum réttindum í FEB. Kjörgengi og kosningaréttur á aðalfundi miðast við þau sem eru á félagaskrá 10. janúar og hafa greitt félagsgjald.
- 3.3 Einstaklingar, félög og fyrirtæki geta orðið styrktaraðilar.
- 3.4 Félagið er óháð stjórn málaflökkum og tekur ekki afstöðu til trúmála.

4. gr. Ársreikningar og ársskýrsla

- 4.1 Reikningsár félagsins er almanaksárið.
- 4.2 Ársreikningar félagsins áritaðir af löggiltum endurskoðanda, kjörnum skoðunarmönnum og stjórn félagsins svo og ársskýrsla stjórnar skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins í minnst eina viku fyrir aðalfund.

5. gr. Stjórnskipan

- 5.1 Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum og þremur til vara, sem kosnir eru beinni kosningu á aðalfundi.
- 5.2 Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Formaður skal kosinn sérstaklega annað hvert ár, en á hverjum aðalfundi skal kjósa þrjá menn til tveggja ára í stjórn. Þrír varamenn skulu kosnir til eins árs. Verði sjálfkjörið skal röð varamanna koma skýrt fram.
- 5.3 Enginn sitji lengur en fjögur ár samfelldt sem aðalmaður í stjórn félagsins. Sá sem

kosinn er formaður getur þó setið í fjögur ár í því embætti þrátt fyrir að hann hafi verið í stjórn áður.

6. gr. Aðalfundur

- 6.1 Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundi er þó óheimilt að samþykkja fjárskuldbindingar sem ekki hafa áður hlotið umfjöllun í stjórn félagsins.
- 6.2 Aðalfundur skal halda hvert ár í febrúar eða mars. Minnst fjórum vikum fyrir fundinn skal félagsmönnum tilkynnt um dagsetningu hans með tölvupósti og á heimasíðu félagsins. Í tilkynningunni skal koma fram fyrir hvaða dagsetningar tillögur að laga- breytingum, svo og aðrar tillögur og framboð til stjórnarkjörs þurfi að hafa borist. Boða skal síðan formlega til fundarins með auglýsingu í fjölmiðlum og á heimasíðu félagsins með minnst einnar viku fyrirvara og skal þar getið tillagna sem borist hafa og lagðar verða fyrir fundinn.
- 6.3 Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
- 6.4 Atkvæðisbærir eru allir fullgildir félagsmenn, sbr. grein 3.2. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema annað sé ákveðið í lögum þessum.
- 6.5 Dagskrá aðalfundar:
 - A) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
 - B) Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
 - C) Lagðir fram áritaðir ársreikningar félagsins ásamt fjárhagsáætlun rekstrarársins.
 - D) Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun.
 - E) Lagabreytingar.
 - F) Kosningar:
 1. Kosning formanns.
 2. Kosning þriggja manna í stjórn félagsins og þriggja varamanna sbr. grein 5.2.
 3. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreikninga og eins til vara.
 - G) Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn. Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst 1 viku fyrir aðalfund.
 - H) Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna.
 - I) Önnur mál.

7. gr. Verkefni stjórnar

- 7.1 Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skal stjórnin skipta með sér verkum og velja úr hópi aðalmanna í stöður varaformanns, ritara, gjaldkera og þriggja meðstjórnenda. Verði sjálfkjörið skal röð varamanna koma skýrt fram. Varamenn taka sæti í forföllum aðalmanna í þeirri röð sem þeir voru kosnir.
- 7.2 Formaður stýrir jafnan fundum stjórnar en er heimilt að tilnefna annan stjórnarmann sem fundarstjóra á einstökum fundum.
- 7.3 Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri. Allar ákvarðanir um óregluleg útgjöld eða fjárhagslegar skuldbindingar félagsins skulu teknar á stjórnarfundum.
- 7.4 Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, semur við hann um kaup og kjör og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri og fjármálum félagsins. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk í samráði við stjórn.

- 7.5 Sé FEB aðili að LEB sbr. grein 2.H, skal kjósa fullrúa á ársþing LEB árið sem það er haldið. Stjórn og varastjórn félagsins er sjálfkjörin en kjósa skal í þau sæti sem laus eru miðað við þann fjölda fulltrúa sem félaginu ber á landsfundi LEB samkvæmt lögum sambandsins. Einnig skal kjósa sjö varamenn á landsfund LEB.
- 7.6 Stjórnarfundur skal halda eins oft og þörf krefur og að jafnaði mánaðarlega. Skyld er að halda stjórnarfundur komi fram rökstudd ósk frá a.m.k. tveimur aðalmönnum í stjórn FEB eða framkvæmdastjóra félagsins. Stjórnarfundur skal formaður eða framkvæmdastjóri boða tryggilega. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnar er viðstaddur. Boða skal varamenn, sem hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum en ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti aðalmanns. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Falli atkvæði jöfn, telst tillaga fallin.
- 7.7 Rita skal fundargerðir stjórnarfundar, aðalfundar og félagsfundar og senda til stjórnarmanna innan fimm daga frá fundi. Fundargerð skoðast samþykkt hafi ekki borist at-
hugasemd frá stjórnarmanni innan tíu daga frá því að fundur var haldinn og skal fundargerðin þá vera aðgengileg félagsmönnum á heimasíðu félagsins og með öðrum hætti.

8. gr. Almennir félagsfundir

- 8.1 Stjórn félagsins skal boða til almennra félagsfundar, þegar henni þykir þurfa. Félag-
fundur skal boða með minnst einnar viku fyrirvara með auglýsingu í fjölmiðlum. Þó er stjórninni heimilt að boða fund með skemmri fyrirvara þegar mikið liggur við. Félag-
fundur er löglegur sé löglega til hans boðað.
- 8.2 Öll meiriháttar mál er varða stefnu og starfsemi félagsins eða hafa í för með sér
verulegar fjárhagslegar skuldbindingar eða frávík frá hlutverki þess sbr. 2. gr., skal stjórnin bera undir félagsfund og skulu þau kynnt í fundarboði.
- 8.3 Stjórninni er skylt að halda félagsfund þegar minnst 30 félagsmenn fara fram á það.

9. gr. Deildir og nefndir

- 9.1 Stjórn FEB er heimilt að stofna sérstakar deildir innan félagsins til að annast tiltekin
verkefni. Við stofnun nýrrar deildar skal stjórn FEB tilnefna formann og menn í fyrstu
stjórn, ýmist þrjá eða fimm eftir umfangi verkefnis. Ákveðið skal um starfshætti
deildar með samþykktum sem deildin setur sér, enda séu þær háðar samþykki og
staðfestingu stjórnar félagsins. Að öðru leyti starfa deildir sjálfstætt eftir því sem
unnt er. Deildir, sem eru með sérrekstur, skulu láta stjórn félagsins í té ársreikninga
sína áritaða af stjórn og skoðunarmanni.
- 9.2 Stjórn FEB er heimilt að skipa nefndir og tilnefna formenn þeirra til að annast tiltekin
málefni, ákveða verksvið þeirra og setja þeim starfsreglur. Slíkar nefndir heyra beint
undir stjórn félagsins og starfa á ábyrgð hennar.
- 9.3 Formönnum deilda og nefnda ber að sjá til þess að stjórn félagsins berist reglulega
fundargerðir og skýrslur um starfsemina.
- 9.4 Formenn deilda og nefnda eiga rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og til-
lögurétti, þegar mál sem snerta deild þeirra eða nefnd eru á dagskrá.

10. gr. Uppstillingarnefnd

- 10.1 Stjórn félagsins skipar þrjá menn og einn til vara í uppstillingarnefnd og tilnefnir
formann hennar.

- 10.2 Uppstillingarnefndin skal óska eftir uppástungum, leita samþykkis viðkomandi og gera tillögur um menn til kjörs í stjórn og önnur störf á vegum félagsins samkvæmt gr. 6.5, stafl. F).
- 10.3 Tillögur uppstillingarnefndar skulu liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins í tvær vikur fyrir aðalfund og skal framlagning þeirra auglýst.
- 10.4 Tilkynningar einstakra félagsmanna um framboð til stjórnarkjörs skulu berast skrifstofu félagsins minnst einni viku fyrir aðalfund.

11. gr. Kjörnefnd og stjórnarkjör

- 11.1 Stjórn félagsins skipar þrjá menn í kjörnefnd til starfa á aðalfundi félagsins og tilnefnir formann hennar.
- 11.2 Kjörnefndin hefur umsjón með kosningum á aðalfundi, annast kynningu, talningu og aðra framkvæmd.
- 11.3 Kjör formanns fer þannig fram að settur er kross við eitt nafn. Sé aðeins einn í framboði er hann sjálfkjörinn.
- 11.4 Kjör annarra stjórnarmanna fer þannig fram að settur er kross við sex nöfn á kjörseðli, hvorki fleiri né færri og veldur ógildingu atkvæðis ef út af er brugðið. Þeir þrír sem fá flest atkvæði eru kjörnir í aðalstjórn. Þeir næstu, sem þá eru með hæstu atkvæðatölu, eru kjörnir í varastjórn. Hlutkesti ræður verði atkvæði jöfn.
- 11.5 Við kjör skoðunarmanna ársreikninga og kjör fulltrúa á þing LEB skulu sömu reglur gilda eftir því sem við á.
- 11.6 Nöfnum á kjörseðli skal raðað í stafrófsröð og skal fyrsta nafnið valið með útdrætti.

12. gr. Lagabreytingar

- 12.1 Tillögur um breytingar á lögum félagsins þurfa að berast stjórn félagsins með minnst tveggja vikna fyrirvara. Lagabreytingartillögur skulu liggja frammi til kynningar á skrifstofu félagsins og heimasíðu í tvær vikur fyrir aðalfund.
- 12.2 Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 hlutar fundarmanna samþykki breytingarnar. Breytingar á lögum þessum öðlast gildi við samþykkt þeirra á aðalfundi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög félagsins.

13. gr. Félagsslit

- 13.1 Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal boða til kynningarfundar um tillöguna með minnst einnar viku fyrirvara. Sérstakur félagsslitafundur tekur síðan lokaákvörðun og skal hann boðaður með tveggja vikna fyrirvara.
- 13.2 Við slit félagsins skulu eigur þess renna til almennra hagsmunamála aldraðra, sem félagsslitafundur ákveður.

Lögum þessum var síðast breytt á aðalfundi FEB 27. febrúar 2025 og hafa þær breytingar öðlast gildi og verið færðar hér inn.